

Framtíðarfyrirkomulag Safnahúss Borgarfjarðar

Almennar niðurstöður verkefnis

Unnið af Strategíu ehf.

Reykjavík, 13. apríl 2022

STRATEGÍA

Efnisyfirlit

Bakgrunnur.....	2
Tilurð og tilgangur verkefnis	2
Skipulag verkefnis	2
Ferli verkefnis.....	2
1. Staða Safnahús Borgarfjarðar - Kortlagning og rýni gagna	3
1.1. Lagaumhverfi	3
1.2. Fyrri skýrslur og gögn	3
1.3. Aðrar stefnur	3
1.3.1. <i>Stefnumörkun um safnastarf – safnaráð 2021</i>	3
1.3.2. <i>Menningarstefna Vesturlands – 2021-2024</i>	4
1.3.3. <i>Menningarstefna Borgarbyggðar – 2020</i>	4
1.4. Rýnifundir	5
1.5. Íbúakönnun	6
1.6. Annað	8
2. Megin tillögur.....	9
2.1. Hlutverk Safnahúss Borgarfjarðar	9
2.2. Framtíðarsýn Safnahús Borgarfjarðar	9
2.3. Megin áherslur	9
2.4. Tillögur til aðgerða	10
2.4.1. <i>Móta sýn, áherslur og aðgerðir fyrir hvert safn</i>	10
2.4.2. <i>Aukið eftirlit og sjálfvirknivæðing: Færa Héraðsskjalasafn nær stjórnarsýslunni</i>	10
2.4.3. <i>Nútímavæða bókasafnið: Færa Héraðsbókasafn í Hjálmaklett</i>	10
2.4.4. <i>Gera Náttúrugripasafn að hluta af Landbúnaðarsafni</i>	11
2.4.5. <i>Endurskoða nýtingu núverandi húsnæðis Safnahúss og munageymslu</i>	11
2.4.6. <i>Endurskoða stjórnskipulag: Skipurit, stjórnun og mannauður</i>	11
2.5. Drög að aðgerðarlista.....	12
3. Lokaorð	14
4. Fylgiskjöl.....	15

Bakgrunnur

Tilurð og tilgangur verkefnis

Samskiptastjóri Borgarbyggðar, María Neves, hafði samband við Strategíu ehf. og vildi kanna mögulega aðkomu Strategíu að vinnu fyrir Safnahús Borgarfjarðar. Ráðgjafar Strategíu áttu fund með Þórdísi Sif Sigurðardóttir, sveitarstjóra og Maríu, samskiptastjóra 20. desember þar sem kynntar voru hugmyndir Strategíu að nálgun á verkefnið. Framhaldsfundur var haldinn 14. febrúar þar sem rædd var uppfærð nálgun á verkefnið.

Tilgangur verkefnisins er að móta tillögur að framtíðarfyrirkomulagi fyrir Safnahús Borgarfjarðar til næstu ára, skilgreina hlutverk, framtíðarsýn, áherslur til næstu 3ja ára, meginmarkmið og nauðsynlegar aðgerðir ná fram meginmarkmiðum.

Skipulag verkefnis

Skipaður var stýrihópur verkefnisins en hann skipa:

- Þórdís Sigurðardóttir
- María Neves
- Magnús Snorrason
- Guðveig Eyglóardóttir
- Eiríkur Ólafsson
- Íris Gunnarsdóttir
- Sigursteinn Sigurðsson

Ráðgjafi verkefnisins:

- Unnur Helga Kristjánsdóttir frá Strategíu

Ferli verkefnis

Verkefnið hófst með greiningarvinnu þar sem staða Safnahús Borgarfjarðar var greind með því að rýna fyrirbyggjandi gögn þá helst; stefnur og áður gerðar greiningar og skýrslur, framkvæmd var SVÓT-greining með starfsfólki og Byggðaráði og gerð var íbúakönnun.

Í framhaldinu, byggt á niðurstöðum greiningarvinnunnar, mótaði stýrihópur hlutverk og framtíðarsýn fyrir Safnahúsið og skilgreindi áherslur og tillögur að aðgerðum.

Gert er grein fyrir hverjum þætti vinnunar hér í þessari skýrslu.

1. Staða Safnahúss Borgarfjarðar - Kortlagning og rýni gagna

1.1. Lagaumhverfi

Safnahúss Borgarfjarðar er viðurkennt safn, safn með blandaða starfsemi. Sem slíkt skal það uppfylla viss skilyrði samskvæmt safnalögum. Mikilvægt er að hafa þessi skilyrði til hliðsjónar við ákvarðanatöku um framtíðarskipan Safnahúss Borgarfjarðar. Hér eru þau skilyrði samantekin, fengin úr kynningu frá Þóru Björku Ólafsdóttir framkvæmdastjóra safnaráðs (2020)¹.

1. Safn skal vera í eigu opinberra aðila, sjálfseignarstofnunar, félags eða fyrirtækis sem tryggir safninu fjárhagsgrundvöll fyrir eðlilega starfsemi þess og skipar því stjórn. Safn skal ekki verið rekið í hagnaðarskyni.
2. Safn skal hafa sjálfstæðan fjárhag, aðskilinn frá öðrum rekstri eiganda.
3. Safn skal starfa eftir stofnskrá eða samþykkt sem safnaráð hefur staðfest.
4. Safn skal starfa í samræmi við skilmála safnaráðs um húsnæði, öryggismál, skráningarkerfi og faglega starfsemi. Upplýsingar um skráða gripi í varðveislu safns skulu vera aðgengilegar almenningi.
5. Safn skal veita skólanemendum sem heimsækja safnið í skipulögðum námsferðum aðgang án gjaldtöku.
6. Aðgengi að húsnæði safns skal vera í samræmi við lög og reglugerðir.
7. Safn skal starfa í samræmi við siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM) og ákvæði laga.
8. Forstöðumaður safns skal hafa menntin á ábyrgðarsviði safnsins eða hafa aflað sér hliðstæðrar hæfni á annan hátt.

Sjá einnig umfjöllun í skýrslu um *Þróun safnamála í Borgarbyggð* (2018). Einnig er þar að finna lýsingu á setningu reglugerðar sem lýtur að Hérðarsskjalasafni og hvað sú innleiðing mun innibera. Er hér vísað í þá skýrslu til frekari glöggvunar.

1.2. Fyrri skýrslur og gögn

Rýnd voru fyrirliðgjandi gögn sem tengdust safnastarfseminni, s.s. skýrsla um *Þróun safnamála í Borgarbyggð* (2018), skoðanakönnun sem gerð var 2019 og *Greinargerð um safnamál*, gerð að beiðni byggðaráðs (2019). Er vísað í þessi gögn þar sem við á í þessari skýrslu.

1.3. Aðrar stefnur

Önnur stefnumörkun sem varðar menningar- og safnastarf hefur átt sér stað og hefur áhrif á markmið og áherslur þessa verkefnis og þeirra tillagna sem unnar eru. Það er stefnumörkun Safnaráðs, endurskoðun Menningarstefnu Vesturlands og endurskoðun Menningarstefnu Borgarbyggðar.

1.3.1. Stefnumörkun um safnastarf – safnaráð 2021

Mikilvægt er að Safnahúss Borgarfjarðar starfi í anda þeirra stefnumörkunar sem unnið hefur verið um safnastarf á vegum safnaráðs 2021. Þau markmið sem þar eru sett fram voru höfð til hliðsjónar við rýni og mótun tillagna um framtíðarfyrirkomulag Safnahússins.

Markmið safnaráðs eru:

- Þróa samfélagslegt hlutverk safna
- Bæta og tryggja faglegt umhverfi safna
- Efla mannauð og fagkunnáttu
- Hvetja til samstarfs og samnýtingar
- Efla fræðslu- og menntunarhlutverk safna

¹ [\(1\) Ráðstefna um aukið samstarf safna á Vesturlandi - YouTube](#)

- Efla rannsóknir á öllum sviðum safna
- Hvetja til nýsköpunar og sjálfbærni í safnastarfi

1.3.2. Menningarstefna Vesturlands – 2021-2024

Menningarstefna Vesturlands var samþykkt fyrir árin 2021-2024 og var áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vesturlands árið 2021. Menningarstefna Vesturlands er stefnumótandi áætlun með aðgerðum og mælikvörðum um hversu vel gengur að koma markmiðum hennar að veruleika. Það er líka rétt að taka fram að við endurskoðun menningarstefnunnar er reynt að sameina hana áætlunum stjórnvalda, þ.e. áðurnefndri Sóknaráætlun Vesturlands og svo Byggðaáætlun ríkisstjórnarinnar.

Það að efla Safnahús Borgarfjarðar styður beint og óbeint við viss markmið sem koma fram í Menningarstefnu Vesturlands um menningu, listir og samstarf stofnanna á Vesturlandi. Má þar helst nefna eftirfarandi markmið:

- Listir fái aukið vægi í daglegu lífi á Vesturlandi
- Góð aðstaða sé til menningarstarfs á Vesturlandi og metnaðarfullt safnastarf
- Samstarf sveitarfélaga um menningarviðburði, skapandi greinar og skipulag menningarmála á svæðinu
- Samstarf sveitarfélaga um safnamál á Vesturlandi
- Félagsheimili og annað vannýtt húsnæði í opinberri eigu nýtt enn frekar til menningarstarfs og skapandi greina. Stuðlað að uppbyggingu menningarhúsa á Vesturlandi í samræmi við þróun í öðrum landshlutum.
- Menningartengt samstarf milli menningar-/fræðastofnana og háskóla á Vesturlandi.

Jafnframt er annað áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vesturlands aukið samstarf safna á Vesturlandi, sem er jafnframt aðgerð C.14 í Byggðaáætlun. Staða þess verkefnis er sú að búið er að gera skýrslu um greiningu safnamála á Vesturlandi, og í kjölfarið er nú í gangi vinna um stofnun safnaklasa Vesturlands.

1.3.3. Menningarstefna Borgarbyggðar – 2020

Menningarstefna Vesturlands var endurskoðuð og gefin út árið 2020. Þar er sérstakur kafli um Safnahús Borgarfjarðar sem segir eftirfarandi:

- Leiðarljós
 - Að styrkja safna- og menningarstarfsemi í Borgarfirði þannig að hún sé í fremstu röð og bjóða upp á fyrirmyndaraðstöðu varðandi geymslumál Safnahúss.
 - Að gera safnkost þess aðgengilegri fyrir íbúa héraðsins og þá gesti sem sækja það heim og efla þjónustuhlutverk og menningarstarfsemi safnanna, fræðslustarf og almenn samskipti aðrar menningarstofnanir.
- Leiðir
 - Unnið verði sérstaklega að stefnumótun fyrir hvert og eitt safn sem heyrir undir Safnahús.
 - Leitað verði bestu lausna fyrir geymsluaðstöðu safnmuna.
 - Áhersla verði aukin á eftirtalda starfspætti safnanna:
 - Fræðslustarf
 - Varðveislu
 - Samstarf
 - Upplýsingatækni
 - Þjónustu

Þessari stefnu hefur ekki verið markvisst fylgt úr hlaði og er þessu verkefni ætlað jafnframt að styðja við leiðarljós og leiðir sem þarna voru skilgreindar.

1.4. Rýnifundir

Haldnir voru tveir rýnifundir, annars vegar með starfsfólki Safnahúss Borgarfjarðar og hins vegar með byggðaráði, þar sem ræddir voru styrkleikar Safnahúss í dag, hvað mætti betur fara í starfseminni og hvaða tækifæri og áskoranir Safnahús stæði frammi fyrir í dag.

Starfsmenn sem tóku þátt voru Guðlaug Dröfn Gunnarsdóttir, sérfræðingur á safni, Jóhanna Skúladóttir, héraðsskjalavörður og Sævar Ingi Jónsson, héraðsbókavörður. Frá byggðaráði tóku þátt Lilja Björg Ágústsdóttir, varaformaður, Guðveig Eyglóardóttir, aðalmaður, Magnús Smári Snorrason, áheyrnarfulltrúi. Þórdís Sif Sigurðardóttir, sveitarstjóri og María Neves, samskiptastjóri tóku þátt í rýnifundi með byggðarráði.

Niðurstöður eru hér dregnar saman og er stiklað á stóru. Í fylgiskjali við þessa skýrslu er að finna nákvæman lista yfir öll þau atriði sem komu fram.

Hver er styrkleiki í núverandi fyrirkomulagi safnastarfseminnar?

- Efniviður, safnkostur góður, flott og mikið listasafn, samstarf á milli safnanna og samnýting búnaðar.
- Þjónustan persónuleg, faglega sterk heild, sérhæfing, þekking og áhugi starfsfólks ásamt vilja til úrbóta og hugmyndauðgi starfsfólks, meðvitað um hvað er hægt að gera betur.
- Tengsl og samstarf við aðra sérfræðinga höfuðsafna og við aðra kollega / söfn (t.d. skjalasöfnin á Akranesi og í Dölunum).

Hvað má fara betur í núverandi fyrirkomulagi safnastarfseminnar?

- Ekki til stefna eða sýn fyrir hvert safn fyrir sig. Hafa skapast hefðir fyrir hvert safn fyrir sig og erfitt að brjótast út úr því og hverju safni skortir ákveðið sjálfstæði. Vantar að aðlaga þjónustu safna við fjölbreyttari og breiðari markhópi – margbreytileiki samfélagsins. Of afmörkuð starfsemi, farið lítið út fyrir veggj safnsins.
- Skortur á varðveislurými og geymsluhúsnæði og búnaði þar, ásamt skorti á tækja- og miðlunarbúnaði.
- Skortur á samstarfi við ákveðnar stofnanir, menningarhópa, og aðra menningarstarfsemi á vesturlandi – ekki samtal á milli aðila.
- Erfitt að koma til móts við mismunandi þarfir hvers safns svona undir einum hatti/húsi, viss takmörkun, getur dregið úr krafti eins safns að það sé alltaf verið að horfa á þetta sem eina heild.
- Vantar skýrara skipurit, ábyrgð og umboð óljóst og þarf að fara í gegnum sveitarstjóra, óljósar starfslýsingar, óljóst ákvarðanavald. Vantar að skerpa á hver er yfirmaður, hvernig vinnum við fjárhagsáætlun, hver skipuleggur samskipti á milli safna og stjórnsýslu ofl.
- Of mikið að gera og náum ekki að vinna í möguleikum á vinnuhagræði, að virkja frumkvæðið við nýtingu upplýsingatækni, fræðslu, bætta þjónustu, ætti að vera hlutverk stjórnanda.

Hver eru helstu tækifæri safnastarfseminnar næstu árin?

- Auka fjölbreytni, við þurfum ekki að gera allt sjálf – nýta rýmið og opna vettvanginn og fá fleiri til að koma inn, gera safnahúsið sýnilegra og nýta heimasíðu og samfélagsmiðla.
- Nýta listasafnið betur, aukum listsköpun og sýnum safnkostinn betur, á líka við náttúru- og munasafnið, sýnum okkar kosti og sýnum kosti annarra.

- Grísja bókasafnið og skoða hvað önnur bókasöfn eru að gera vel (dæmi Reykjanesbær). Skráningar og almenn tiltekt. Skrá betur safnakost og miðla honum starfrænt og ná til breiðari hóps.
- Þjálfar börn og ungt fólk að neyta menningar og lista – menningarfræðsla.

Hverjar eru helstu áskoranir safnastarfseminnar næstu árin?

- Minni lestur bóka, menn sjá ekki önnur verkefni í staðinn / fjölbreytileikann, breytt landslag safna yfir höfuð, nýting og gildi þeirra breytast hratt.
- Kröfur til varðveislu muna og skjala hafa aukist til muna, ekki gert ráð fyrir að skjöl séu í varðveislusafni en tækifæri að taka það upp samhliða, alltaf að stækka sá hluti skjalasafns sem tilheyrir stjórnsýslu. Þurfum alltaf meira geymslurými, megum ekki henda, rýmin þurfa að stækka.
- Ákvarðanir ekki teknar út frá starfseminni og til langs tíma – frekar út frá stjórnsýslu og pólitík, allt undir sama hatti, ekki verið að taka tillit til sértækra þarfa safnanna – á við þau öll 5. Íhaldssemi og almenn mótstaða við breytingar.
- Ógnun við faglegt starf er að fólki er haldið niðri í launum og fjárveitingar.

1.5. Íbúakönnun

Gerð var íbúakönnun sem sett var í loftið 14. mars og stóð til 21. mars. 268 manns svöruðu.

- 80% þeirra sem svöruðu nýttu sér þjónustu Safnahússins,
 - o þar af 50% þeirra sem heimsóttu safnahúsið sjaldnar en 5 sinnum á ári
 - o og 75% sóttu bókasafnið sem var lang mest sóttá safnið
- 90% svarenda þótti Safnahús verið mikilvæga stofnun fyrir samfélagið
- 68% svarenda hafa búsetu í Borgarnesi
- 40% svarenda voru á aldrinum 31-50 ára og 38% á aldrinum 51-70 ára

Í opnum spurningum komu skiptar skoðanir fram eins og búast má við um starfsemi Safnahússins en hér eru dregnir fram punktar sem gefa til kynna hvað íbúar hafa að segja um Safnahús. Niðurstöður íbúakönnunar í heild sinni eru til sem fylgiskjal við þessa skýrslu.

Hvað ertu helst ánægð með/ur með í þjónustu eða aðstöðu Safnahús Borgarfjarðar

- Starfsfólk
 - Greiðvikið, þjónustulundað, gott fólk, gott viðmót, lipur þjónusta, vinalegt, maður þekkir alla, maður alltaf velkominn, vel tekið á móti mæðrum með krílin sín, andinn í húsinu
- Söfnin
 - Nefnd eitt eða fleiri, oftast bókasafnið, sýningar nefndar s.s. fuglasýning, baðstofan og börn í 100 ár, gott að hafa allt á sama stað, áhugaverðar sýningar, frábærar sýningar í Hallsteinsal, bókasafnið ómissandi, rými fyrir lærdómsaðstöðu, úrval barnabóka, vel haldið utan um menningarverðmæti, listasýningar oft finar, fallegar og gefandi listasýningar
- Þjónusta
 - Mest talað um bókasafnið og einstaka þjónustu þar, foreldramorgnar, aðstaða til að læra, þjónustan á héraðsskjalasafni 100%, aðstoð við að finna bækur, gott aðgengi, kyrrð og ró, mikilvægur þekkingarkjarni, hafa listasafn til að efla listsköpun í héraði

Hvaða þjónustu eða aðstöðu finnst þér skorta í Safnahúsi Borgarfjarðar?

- Sýningar
 - Svæði fyrir muni og minjar þar sem hægt er að skipta reglulega um sýningu, listasafn, líflegri menningaviðburðir, tenging við fjölmenningu og aðra viðburði í sveitinni, sýningar á handverki, listasýningar annars staðar frá eða frá heimaþólki, gripir byggðasafns meira til sýnis, myndasýningar í vél, myndamorgnar, minjasafn, gera meira úr munum, listasmiðjur, örnámskeið, upplestur, kynna betur það sem er
- Bókasafnið
 - Of mikið af bókum sem enginn les, pöntunarkerfið leiðinlegt, nútímavæða, fleiri bókakynningar, þarf algera yfirhalingu, einhver sem leiðir leshring, betri lærdómsaðstaða og alltaf opin, komumst inn í 21. öldina, betra svæði fyrir börn og foreldra með tölvum og leikföngum, bangsar til að knúsa, úrval af klassískum bókmenntum nýjum og hagnýtum, færa það yfir í menntaskólann
- Samfélagssvæði
 - Samkomustað, stað fyrir börn og að eiga notalega stund, staður til að sitja og njóta lesturs, meiri tenging við yngra fólkið, nútímaleg aðstaða, fléttast meira inn í bæjarlífið, kaffiaðstaða, „þriðja rýmið“ íverustaður án raftækja, óformlegt platform fyrir spjallfundi almennings, afþreying fyrir ungmenni
- Húsið
 - Endurnýja margt, aðgengi erfitt, gamaldags og óaðgengilegt

Hvaða áherslur myndir þú vilja sjá hjá Safnahúsi Borgarfjarðar til framtíðar?

- Sýningar og viðburðir
 - Halda áfram að varðveita söguna, gefa listamönnum úr héraði kost á að sýna sín verk, metnaðarfull dagskrá með fjölbreyttum sýningum, meiri list, hækka standardinn, fleiri ljósmyndasýningar, framúrstefnulist, fleiri og styttri sýningar, ekki hafa muni bara lokaða inni í geymslu eða safnahúsi, saga héraðs opin og aðgengileg á netinu, fjölskylduviðburði, fjölbreytileiki, ekki margra ára sýningar, viðburði með tónskáldum, fræðsla í fortíð og framtíð s.s. list, hönnun, breytingar í viðhorfum í ritlist karla og kvenna, markvissara starf byggðasafns, ný sýning í stað barnasýningarinnar, náttúrugripasafn
- Bókasafnið
 - Stærra og betra bókasafn, gott úrval og aðstaða til að lesa og læra, upplestur úr bókum, panta bækur frá öðrum söfnum, meira af hljóðbókum, meira myndefni, gera athyglisverðari fyrir börn
- Skipulag
 - Setja á safnaráð, brjóta alla starfsemina upp og gera að menningarmiðstöð, sterk tenging safnahús, skóla og almennings, áfram í Borgarnesi, er húsnæði hæfandi og færa eitthvað annað sem hæfir betur, láta heyra frá sér vel og alltaf, dreifa starfseminni út um alla Borgarbyggð
- Samfélagið
 - Nútímavæða, færa nær fólkinu með lifandi starfsemi, menningarmiðstöð sem byggir á sérstöðu samfélagsins, fallett kaffihús með leiksvæði, búa til svæði fyrir fjölskyldutengsl og menningar/bókasafn, lista og menningarsetur sem hefur söfnin, náttúruna og samfélagið sem viðfang, listabúð, barnastarf, jóga-hugleiðsla-fyrirlestrar með áherslu á hringrásarhagkerfið (endur- og samnýtingu)

Annað sem þú vilt koma á framfæri?

- Staðsetning og aðstaða
 - Ekki brjóta upp safnahús í einingar, söfnin vinni meira saman, auka rými til sýninga, kanna hvort Brákarey geti orðið framtíðarhúsnaði, nota neðri hæðina/gluggahæðin í bankahúsinu fyrir Fornbílasyningu, nota núverandi hús sem geymslu og færa lifandi hluta annað, ekki að vera að standa í þessu dýrt, margt fínt en margt úrelt, flytja og staðsetja í alfaraleið, hlúa vel að ekki gera að einhverri kjallarkompu sem dregin er fram þegar hentar, aðgengi fyrir fatlaða og aldraða mætti vera betri, þjóna svipuðu hlutverki og heitir pottar eða torg (í útlöndum)
- Sýningar
 - Ánægð með sýningar í Hallsteinssal og örsýningarnar, ánægja með að börn í 100 sé tekin niður, samleið með sýningum í Hvanneyri, að safnið verði á núverandi stað, ekki splitta safninu upp og úr alfaraleið, meiri samvinna við skólastigin, nýta aðra staði s.s. Hjálmaklett (bóksafn), Reykholt (skjalasafn), Hanneyri (fuglasafn), hvar er byggðasafnið?, hafa byggðasafn, listasafn og náttúrugripasafn sér til húsa og bókasafnið sér/annars staðar
- Skipulag
 - Ráða hugmyndaríkan stjórnanda, vantar faglegan forstöðumann, leyfum sérfræðingum að ráða ferð, horfa út fyrir landsteina eftir hugmyndum, sakna umræðu um hugmyndir 2017/2018, fjármagn aðstaða og mannaflí verður að fylgja, horfum fram á við, hverfum frá stöðnuðu bákni, er í dag hálfgerð nátttröll, fyrirkomulag er gamaldags stokka alla starfsemina upp, starfsemin á ekki að snúast um hús eða starfsfólk heldur notendur þjónustunnar, gaman að sjá að eru breytingar má alveg taka til, þetta verkefni lofar góðu vona að gangi vel

1.6. Annað

Skólameistari menntaskólans, Bragi Þór Svavarsson, var heimsóttur og rætt óformlega um möguleika á nýtingu Hjálmakletts til frekari menningarstarfsemi, þá helst möguleikinn á því að bókasafn flyttist að hluta til eða í heild yfir í Hjálmaklett. Vilji er þar fyrir hendi að ná samstarfi hvað þetta varðar.

2. Megin tillögur

Eftirfarandi megin tillögur eru unnar út frá fyrrgreindri greiningarvinnu og niðurstöðum hennar. Þær hafa það að markmiðið að efla Safnahús Borgarfjarðar sem menningarmiðstöð og auðga menningarlíf og bæta lífsgæði íbúa Borgarbyggðar.

2.1. Hlutverk Safnahúss Borgarfjarðar

Lagt er til að núverandi hlutverki Safnahúss verði breytt. Tilgangur með því er að einfalda hlutverk þess og gera það sveigjanlegra með því að vera ekki að tiltaka viss söfn þar undir og færa það í það form sem styður við það framtíðarfyrirkomulag sem sóst er eftir.

Núverandi hlutverk Safnahúss Borgarfjarðar er skilgreint eftirfarandi:

Safnahús Borgarfjarðar er klasi fimm safna þar sem nýjar aðferðir eru nýttar til miðlunar á grundvelli frumkvæðis, virkni og samvinnu.

Söfnin eru þessi:

- Héraðsbókasafn Borgarfjarðar
- Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar
- Byggðasafn Borgarfjarðar
- Listasafn Borgarness
- Náttúrugripasafn Borgarfjarðar

Safnahús er leitandi og opið í starfi sínu og vinnur náið með samfélaginu á starfssvæði sínu sem nær frá rótum Snæfellsness til Hvalfjarðar.

Tillaga að breyttu hlutverki er eftirfarandi:

Að vera þverfagleg miðstöð safna- og menningarstarfsemi í Borgarbyggð þar sem virk og fjölbreytt miðlun og menningartengd fræðsla og þjónusta er veitt íbúum samfélagsins, gestum þess og fræðasamfélagi.

2.2. Framtíðarsýn Safnahúss Borgarfjarðar


Ekki var til skilgreind framtíðarsýn fyrir Safnahúsið. Tilgangur með því að skilgreina framtíðarsýn er að bæði í senn að vera hvetjandi leiðarljós fyrir stjórnýslu og starfsfólk og viss skuldbinding út á við til íbúa Borgarbyggðar.

Tillaga að framtíðarsýn er eftirfarandi:

Að auðga menningarlíf og bæta þannig lífsgæði íbúa Borgarbyggðar.

2.3. Megin áherslur

Við úrvinnslu fyrrnefndrar greiningar og við endurmótun hlutverks og skilgreiningar framtíðarsýnar fyrir Safnahús mynduðust áherslur sem notaðar eru sem leiðarljós við mótun tillagna og aðgerða. Þær eru eftirfarandi:



2.4. Tillögur til aðgerða

Sett hefur verið upp fyrsta útgáfa af aðgerðaráætlun sem tekur á tillögum sem styðja við eina eða fleiri áherslu. Verður hér fjallað um þær tillögur sem má teljast stefnumarkandi og nánari grein gerð fyrir þeim.

2.4.1. Móta sýn, áherslur og aðgerðir fyrir hvert safn

Það er ekki til skilgreind sýn, stefna og áætlanir fyrir hvert safn fyrir sig. Afleiðing er sú að starf og þróun safnanna er ómarkviss, háð hverjum starfsmanni þar sem ekki er stjórnandi Safnahúss til staðar og fjárhags- og rekstraráætlanir taka ekki mið af þörf sem til staðar er.

Það kom fram í greiningunni að hvert og eitt safn „liði fyrir það“ að horft er á Safnahúsið sem eina heild en ekki markvisst unnið með hvert safn fyrir sig, hefur leitt til vissrar stöðnunar. Það kemur einnig fram í *Menningarstefnu Borgarbyggðar* að ein af þeim leiðum sem ætlunin er að beita til að styrkja safna- og menningarstarf er að vinna sérstaklega að stefnumótun fyrir hvert og eitt safn sem heyrir undir Safnahús. Því hefur ekki verið fylgt eftir.

Tillagan: Móta sýn, áherslur og aðgerðir fyrir hvert safn og gera þannig starf þeirra og þróun markvissari og koma betur til móts við óskir íbúa um fjölbreyttara starf safnanna og tryggja hlítingu við lög og reglugerðir sem um söfnin gilda.

2.4.2. Aukið eftirlit og sjálfvirknivæðing: Færa Héraðsskjalasafn nær stjórnarsýslunni

Sú mikla stafræna þróun sem á sér stað hefur bein áhrif á grunnstarfssemi Héraðsskjalasafns. Mikilvægt er að innleiða stafræna tækni og þróa safnið í þá átt að auðvelda sjálfsafgreiðslu gesta.

Eins og kemur fram í *Greinargerð um safnamál* sem gerð var að beiðni byggðaráðs 2019 að undangenginni skýrslu Þjóðsskjalasafns að „Ríkið sem eftirlitsaðili gera sífellt meiri kröfur til héraðsskjalasafna um hvernig skuli staðið að eftirlit með framkvæmd skjalavörslu afhendingaraðila, söfnun, varðveislu, skráningu og miðlun.“ Einnig kemur þar fram að auka þurfi geymslurými vegna skjalasafnsins á næstu árum þar sem ljóst er að talsvert magn afhendinga muni bætast við.

Tillagan: Færa skjalasafnið nær stjórnarsýslunni, í sama húsnæði, og þannig megi auka sýnileika þess, styrkja eftirlits- og fræðsluhlutverk þess, veita því aukið rými ásamt því að skapa tækifæri fyrir bættri nýtingu auðlinda með samlegð við stjórnarsýsluna.

2.4.3. Nútímavæða bókasafnið: Færa Héraðsbókasafn í Hjálmaklett

Sé litið til íbúakönnunar sem gerð var í greiningarhluta þessa verkefnis þá er mikið ákall í samfélagi Borgarbyggðar um bókasafnsþjónustu í annarri mynd en hún er í dag. Það er beðið um bókasafnsþjónustu sem býður upp á bækur en jafnframt að þar sé til staðar fleira svo sem góð aðstaða fyrir fjölskyldur og börn, leikföng og spil, kósýheit yfir kaffibolla, góð aðstaða fyrir að koma saman t.d. yfir leshring, upplestrar og margt fleira. Það er ljóst að íbúar sjá hlutverk bókasafnsins í miklu víðara og „núttímalegra“ samhengi en verið hefur og er það einnig þróun bóksafna út um landið.

Hugmyndin að flytja bókasafnið yfir í Hjálmaklett er ekki ný þar sem skýrslan um *Þróun safnastarfs í Borgarbyggð* leggur til flutning bókasafns yfir í Hjálmaklett og kemur þar fram greiningarvinna sem vert að hafa til hliðsjónar við frekari ákvarðanir um þetta efni. Hvernig staðið er að því nákvæmlega þarf að greina betur en ef vel er að staðið þá yrði augljós ávinningur fyrir alla aðila. Einnig mætti sjá samlegð með nýtingu á þeim starfsmanni Borgarbyggðar sem starfandi er í dag í Hjálmakletti. Þess má geta að mikillar grisjunar er þörf á bókasafni og yrði það ekki flutt í óbreyttri mynd.

Tillagan: Færa bókasafnið í Hjálmaklett, að hluta eða í heild, og ná þannig ávinning fyrir bókasafnið og þjónustu þess, fyrir menntaskólann að fá bókasafns- og upplýsingaþjónustu í sama hús og nýting á Hjálmakletti verður meiri og færast meira í átt að verða menningar- eða samfélagsmiðstöð fyrir Borgarbyggð.

2.4.4. *Gera Náttúrugripasafn að hluta af Landbúnaðarsafni*

Stýrihópur ræddi möguleika á að færa Náttúrugripasafnið, fuglasýninguna, og gera hana hluta af Landbúnaðarsafni. Þessi hugmynd kom einnig fram í skýrslu um *Þróun safnastarfs í Borgarbyggð* en þar kemur fram að færa megi náttúruminjar á Hvanneyri til að styrkja upprennandi gestastofu sem tengist þar fuglafriðslandinu í Andakíl.

Tillagan: Skoða fýsileika á því að færa náttúrugripasafnið og gera að hluta af Landbúnaðarsafni á Hvanneyri og það er metið svo að þar nyti það samlegðaráhrifa sem myndi styrkja umgjörð og umhirðu safnins og jafnframt styrkja það safna- og menningarstarf sem verið er að byggja upp á Hvanneyri.

2.4.5. *Endurskoða nýtingu núverandi húsnæðis Safnahúss og munageymslu*

Endurskoða þarf núverandi nýtingu húsnæðis Safnahúss og munageymslu. Hér þarf að taka mið af öðrum tillögum sem lagðar eru hér fram og þeim ákvörðunum sem teknar verða. Því verði söfn færð sbr. tillögur hér að ofan mun það gefa tækifæri á annars konar nýtingu á núverandi húsnæði Safnahússins. Helsta nýtingin er þá helst varðveisla muna til 5-10 ára eða þar til varðveislusetur verður byggt og meira rými fyrir sýningar.

Einnig hafa hér áhrif ákvarðanir og framkvæmd annarra rekstrarlegra aðgerða sem lagt er til að ráðist verði í og má þar nefna grisjunaráætlanir og framfylgni þeirra. Til lengri tíma litið þá er einnig hafið samstarfsverkefni um varðveislusetur á Vesturlandi sem myndi hafa mikil áhrif á varðveislunni muna Safnahúss.

Tillögur sem hafa áður verið uppi um að koma fyrir geymslum í Safnahúsi og þær fjármagnsáætlanir þar að lútandi munu vera til bráðabrigða sé litið til þeirra tillagna um framtíðaruppbyggingu safnins sem lagðar eru hér fram í þessari skýrslu.

Tillagan: Ráðast í endurskipulagningu geymslufyrirkomulags safnanna, með grisjunum og mótun varanlegs, faglegs geymslurýmis miða við þarfir safnsins í ofangreindum tillögum, t.d. í varðvörslusetri. Nýta mætti hluta húsnæðisins fyrir aðstöðu fyrir tímabundnar sérsýningar sem endurspegla safnakostinn vel. Eins yrði húsnæðið nýtt sem viðunandi safnageymslu, vinnuaðstaða starfsfólks, lesstofa skjalasafns o.s.frv.

2.4.6. *Endurskoða stjórnskipulag: Skipurit, stjórnun og mannauður*

Stýrihópur var sammála um það þurfi að ráða stjórnanda Safnahúss Borgarfjarðar sé litið til allra þeirra tækifæra og mikilvægra og krefjandi verkefna sem ráðast megi í. Sá stjórnandi myndi hafa til að bera faglegan bakgrunn sem málaflokkurinn krefðist. Hann væri faglegur og rekstrarlegur stjórnandi og bæri ábyrgð á að uppfylla hlutverk Safnahússins og framtíðarsýn þess. Hann tæki að sér víðtækara hlutverk en þetta þar sem hann bæri ábyrgð á menningarlegu hlutverki sveitarfélagsins. Hann væri næsti yfirmaður starfsfólks Safnahússins.

Með ráðningu stjórnanda Safnahúss er mikilvægt að skoða umgjörðina í víðara samhengi. Lagt er til að Safnahús sé undir skipuriti á skrifstofu sveitarstjóra og þá stjórnandi þess myndi vera starfsmaður skrifstofu sveitarstjóra. Hann bæri ábyrgð á menningarmálum og myndi koma að verkefnum menningarmála á AMM nefndar fundum. Stjórnandinn beri því ábyrgð á rekstrarlegum þáttum

Safnahúss Borgarfjarðar

Safnahúss s.s. fjárhagsáætlun og eftirfylgni hennar. Skerpa þarf á því hvort AMM nefndin annist stjórnarhlutverk Safnahússins skv. safnalögum, eða fela það hlutverk annarri nefnd.

Það kom fram í greiningunni að starfsfólk Safnahús hafi mikið að gera og erfitt að fá afleysingu. Miðað við þær mælingar sem til staðar eru í dag hvað varðar umfang starfseminnar, t.d. útlán á bókasafni og þjónustubeiðnir á skjalasafni, þá gefa þær ekki til kynna annað en að núverandi fjöldi stöðugilda ætti að vera hæfilegur. Hvað varðar afleysingar þá er sérfræðingur á safni með það skilgreinda hlutverk að vera staðgengill fyrir skjalasafn og bókasafn. Það má skerpa á því skipulagi og hlutverki þannig að það virki sem skyldi.

Í þessu samhengi má nefna að með ráðningu faglegs stjórnanda þá verður viðkomandi viðbót við núverandi stöðugildi. Sá aðili mun stýra húsinu og skipulagi verkefna. Því er það ekki rétti tímarpunktur nú að taka ákvarðanir hvað þetta varðar fyrr en eftir að stjórnandi er kominn til starfa og hefur sjálfur lagt mat á stöðu hvað starfsfólk varðar. Vert er að benda á að með breytingum á fyrirkomulagi Safnahús ásamt þeirri þróun sem á sér stað hvað varðar stafræna vinnslu, skjölun, skráningar og miðlunar krefst nýrrar hæfni og þekkingar.


Tillagan: Ráða faglegan stjórnanda Safnahúss Borgarfjarðar sem jafnframt bæri ábyrgð á öðrum menningarmálum sveitarfélagsins og endurskoða samhliða skipurit og hlutverk og ábyrgð stjórnanda, samskiptastjóra og AMM nefndar.

2.5. Drög að aðgerðarlista

Hér hafa aðgerðir verið settar upp miðað við ofangreindar tillögur ásamt nokkrum fleirum meira rekstrartengdum aðgerðum. Aðgerðir eru tengdar við fyrr greindar áherslur og gróflega tímasettar.

Aðgerðir	Faglegur grunmur	Stjórnskipulag	Þjónusta	Samstarf	Forgangur		
					Áherslur	1	2
Móta sýn, áherslur og aðgerðir fyrir hvert safn, skoða einnig sérstaklega sérsöfn.	X	X					
Skilgreina grísjunaráætlanir fyrir söfnin.	X						
Gera Héraðsskjalasafn sjálfstæðari og kanna fýsileika á að færa það nær stjórnsýslunni til að auka sýnileika þess, styrkja eftirlits- og fræðsluhlutverk þess, auðvelda gestum að afgreiða sig sjálfir ofl.	X	X	X				
Nútímavæða bókasafnsþjónustu og færa yfir í Hjálmaklett, að hluta eða í heild til að auka möguleika á að glæða meira líf í safnið, bæta lesaðstöðu, bæta aðstöðu fyrir fjölskyldur, aðstoð við nemendur við upplýsingaleit v/heimilda, auka sveigjanleika í opnunartíma ofl.	X	X					
Skapa vettvang fyrir fræðslu og viðburði í safnahúsi og setja upp virkt viðburðadagatal.	X	X					
Setja upp reglubundnar sýningar- og miðlunardagskrár.	X	X					
Skilgreina hvaða muni listasafnið á og hvað á sveitarfélagið, einnig endurskoða verðmætamat (hefur áhrif á tryggingar).	X	X					
Efla skipulag á útlánum úr listasafni.	X						
Ákveða nýtingu húsnæðis núverandi Safnahúss og munageymslu.	X	X					
Ráða stjórnanda safnahúss, ákveða starfsheiti og skilgreina starfslýsingu.	X						
Skilgreina starfslýsingar fyrir hvern og einn starfsmann safnahúss.		X					
Skerpa hlutverk og ábyrgð AMM nefndar og tengingu við stjórnsýslu/skipurit.		X					
Halda nafnasamkeppni meðal íbúa um annað nafn á Safnahúsi Borgarfjarðar.			X				
Setja af stað vinnu um að keyra áfram verkefni um varðveislusetur á Vestulandi.		X		X			
Greina fýsileika á að náttúrugripasafn verði hluti af Landbúnaðarsafni.	X			X			
Greina og endurskipuleggja samstarf við mennta- og menningastofnanir.	X			X			

Til að mæla árangur af vinnunni þá hafa verið listaðar hér upp mögulegar mælanlegar upplýsingar sem gott væri að hafa til viðmiðunar áður en farið er af stað og svo hægt að mæla árangur með tilteknu millibili.



3. Lokaorð

Mikil greiningar- og stefnumarkandi vinna hefur átt sér stað síðustu ár sem snerta starfsemi og skipulag Safnahúss Borgarfjarðar og hefur verið vísað í þau gögn þar sem við á. Þessi vinna sem nú hefur átt sér stað er í mörgu samstíga því sem áður hefur verið lagt til og sumt er hér nýtt eða sett fram á annan hátt.

Mikilvægt er fyrir Borgarbyggð og fyrir framtíð Safnahúss Borgarfjarðar að markvisst sé nú unnið að því að innleiða þær stefnur sem mótaðar hafa verið og taka ákvarðanir um þær tillögur sem lagðar eru hér fram því til grundvallar.

Tillögur hafa ekki verið kostnaðametnar, að undanskyldum kostnaði við uppsetningu varðveislurýmis á 1. hæð Bjarnabrautar 6, en ljóst er að til þess að breytingar verði að veruleika þá þarf að koma til viðbótarfjármagn til að koma breytingum af stað. Metið er hér svo að verið sé að leggja til hagkvæmar breytingar og verið að bregðast við brýnni þörf, m.a. liður í að koma safnmunum á hrakhólum í varanlega varðveislu.

4. Fylgiskjöl

Fylgiskjöl við þessa skýrslu eru að finna hjá samskiptastjóra Borgarbyggðar, Maríu Neves, en þau eru:

- Samantekt á verkefni og niðurstöðum (ppt)
- Áherslur – Aðgerðir – SVÓT (xls)
- Íbúakönnun Safnahúss Borgarfjarðar (xls - aðgangur að niðurstöðum í Survey Monkey)